

S A M Þ Y K K T

56
8. maí

um

einkasíma í Mýrdal í Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Símar þeir, er samþykkt þessi nær til, eru:

- a. Í sambandi við aukalínuna fyrir austan Heiði: Kerlingardal—Bólstað.
- b. Í sambandi við línur Talsímafélags Mýrdælinga (að mestu): Vik — Reynishyerfi; um Reynishverfi (Reynisdal — um Presthús—Garðar; Reynisdal — um Reyni—Foss); Giljur — austur með Bæjum—Heiði; Giljur — um Skammadal—Skagnes; Kaldrananeslína (um Brekkur) — Dali. Ennfremur: Ketilsstaðir; Loftsalir — um Dyrhólahverfi; Hvolslína; Pétursey—Sólheimar (Eystri og Ytri) — Fell.

2. gr.

Símar þeir, sem taldir eru í 1. gr., skulu lagðir svo fljótt sem fé fæst til símalagningarinnar. Gerð símanna skal vera eftir tillögum landssímastjóra.

3. gr.

Búendur á jörðum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. og símalínurnar ná til, ganga í símafélag, er nefnist Einkasímafélag Mýrdælinga, og er það um stjórn og starfrækslu í sambandi við Talsímafélag Mýrdælinga.

4. gr.

Kostnaðinn við lagning símanna að $\frac{2}{5}$ hl. (móts við $\frac{3}{5}$ hl. stofnkostnaðar, er landssíminn greiðir) annast búendur eða hlutaðeigendur á því svæði, sem sími á að leggjast um í það og það skiptið. Afgreiðslu á síma, daglegt viðhald og bráðabirgða-aðgerðir annast þeir, sem síma hafa fengið, eftir nánari skiptingu, sem stjórn félagsins og aðalfundur verða ásátt um.

Til félagsins greiði hver símanotandi árlegt gjald (auk gjalds til landsímans og landssímastöðvar), er félagsstjórn ákveður í samræmi við hliðstæð gjöld annarra símanotenda í Mýrdal (á línunum T. M.), enda annist félagsheildin (félagssjóður) allar meiri háttar aðgerðir á línunum (viðgerð á stærri bilunum o. s. frv.), eftir ákvörðun aðalfundar.

Jafnóðum og búendur á félagssvæðinu komast í símasamband, sem þeir hafa lagt til samkvæmt framangreindu, öðlast þeir fullan félagsrétt.

5. gr.

Félagið skal eiga með sér aðalfund árlega síðla vetrar. Á fundi, er gengið verður frá samþykkt þessari til fullnustu, skal kosin þriggja manna stjórn fyrir

56 félagið, sbr. 3. gr. Ef henta þykir, skal stjórnin kosin til þriggja ára, og gangi
8. maí einn maður úr stjórninni á hverju ári, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti, og kýs aðal-
fundur mann í stað þess er úr gengur.

Á aðalfundi skulu og rædd félagsmál, kosinn endurskoðandi, úrskurðaðir
reikningar félagsins, er stjórnin semur fyrir næsta ár á undan o. s. frv.

Afrit af ársreikningunum skal sent landssímastjóra.

6. gr.

Sveitarstjórnir Hvamms- og Dyrhólahreppa ábyrgjast starfrækslu einka-
símanna eftir því sem landssímastjóri mælir fyrir um, og að línunum sé að öllu
vel við haldið.

7. gr.

Brot gegn þessari samþykkt varða sektum allt að kr. 200.00, er renna í
sveitarsjóð Hvamms- og Dyrhólahreppa, að hálfu til hvors.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929 um
einkasíma í sveitum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öll-
um þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. maí 1931.

S. Kristinsson.

Vigfús Einarsson.

57
3. júní

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir

Ólafsvíkurkaupþún.

1. gr.

Takmörk Ólafsvíkurhafnar eru Ytra klif að austan, en Ólafsvíkurtangi
og Ytri hafnargarður að vestan.

2. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnar-
virkja á Ólafsvíkurhöfn, og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar, skal stofna
hafnarsjóð fyrir Ólafsvíkurkaupþún.

3. gr.

Tekjur hafnarsjóðs eru fyrst um sinn þessar, þar til öðruvísi verður
ákveðið: